



Námsgrein - Enska

Kennsluáðferðir og skipulag:

Dæmi: Enska er kennd í 3 kennslustundum á viku auk svæðatíma. Nemendur afla sér upplýsinga og gagna í bókum og á netinu. Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir og Námsefni	Námsmat
Hlustun		
Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.	Spotlight 9 – Hlustunarefni Kvikmyndir/þættir	Verkefni unnin eftir kvikmyndum
Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.	Kvikmyndir/þættir	Verkefni unnin eftir kvikmyndum

Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	Spotlight 9 - Hlustunarefni Kvikmyndir/Þættir	Verkefni eftir kvikmynd
Lesskilningur		
Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.	Spotlight 9 Lestextar	Ýmis verkefni úr lesnum textum í kennslubók
Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.	Netmiðlar	Log – Leiðarbók, 6 ritunarverkefni yfir veturinn og 2 munnleg.
Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.	Kjörbók	Kjörbókarverkefni – Nemendur lesa bók og vinna verkefni. Mörg mismunandi verkefni eru í boði
Samskipti		
Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.	Spjall í tímum	
Tekið þátt í skoðanaskiptum, færð einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.		Rökræður Podcast
Frásögn		
Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið	Vefmiðlar	Rökræður

með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.		Podcast
Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni (blaðalaust) og af nokkru öryggi.		Show and tell
Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Þemaverkefni – Fantasía og goðsögn	Nemendur búa til stiklu úr eigin fantasíu mynd eða búa til stuttmynd
Ritun		
Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.	Leiðarabók	Log
Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.	Ritun með kjörbók	Log Ýmis ritunarverkefni
Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.		Ýmis ritunarverkefni Log
Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.	Skapandi skrif	Log Ýmis ritunarverkefni
Menningarläsi		
Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.	Vefmiðlar	

Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.		
Námshæfni		
Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.		
Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.		Nemendur meta sjálfa sig og hópfélaga í lok verkefnis.
Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.	Ýmis verkefni Kvikmyndaverkefni	Einstaklings og hópaverkefni
Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.	Við vinnu á ýmsum verkefnum Glósur	